

**Nefndasvið Alþingis
Utanríkismálanefnd
b/t. Stígs Stefánssonar
nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík**

Reykjavík, 6. desember 2009.

Efni: Frumvarp til laga um Íslandsstofu (158. mál).

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem kveður á um stofnun Íslandsstofu.


Viðskiptaráð tekur undir mikilvægi þess að bæta samstarf og skýra stefnu til að efla og standa vörð um orðspor Íslands erlendis. Það hefur sýnt sig á undanegnum mánuðum að íslensk stjórnsýsla er vanbúin til að fást við neikvæða umfjöllun og því er æskilegt að samræma verkefni því tengdu á einum stað, líkt og lagt er upp með í frumvarpi þessu. Þá er jafnframt mikilvægt að Íslandsstofu verið falið með skýrum hætti að fylgjast með orðspori Íslands og þróun þess erlendis, og að bregðast við neikvæðri umfjöllun sem snertir íslenska hagsmuni. Bæti mætti ákvæði þess efnis í 2. gr. frumvarpsins.

Einnig er mikilvægt við stofnsetningu Íslandsstofu að starfsemin verði skipulögð frá grunni, á grundvelli þeirra verkefna sem stofunni eru ætluð, frekar en á grunni fyrirrennara stofunnar. Eðli þeirra verkefna sem blasa við á sviði kynningarmála hefur breyst verulega, tækni fleygt fram, samskiptaleiðir fjölbreyttari og hagsmunaaðilar fleiri og dreifðari. Því er brýnt að tekið verði mið að slíkum staðreyndum við skipulagning á starfsemi stofunnar. Hvað þetta varðar ber að fagna þeirri stefnumörkun frumvarpsins að náíð samstarf hins opinbera og atvinnulífs verði í forgrunni í þessari vinnu.

Að endingu ber að fagna því að stofnun Íslandsstofu mun ekki hafa í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð, enda er staða hans veik um þessar mundir. Þá er jafnframt gert ráð fyrir því að útgjöld hins opinbera, með svokölluðu markgjaldi, falli niður frá og með 1. janúar 2013. Er því hér um að ræða skýrt afmörkuð útgjöld til skamms tíma um samstarf til eflingar utanríkisviðskipta og þar með hagvaxtar.

Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið nái fram að ganga og hvetur til þess að ofangreindar ábendingar verði teknar til skoðunar hjá nefndinni.

Virðingarfyllst,



Haraldur I. Birgisson
Lögfræðingur Viðskiptaráðs